



# Starfsáætlun Yls 2021-2022



## Leikskólinn Ylur Mývatnssveit

*Þú ert hugrakkari en þig grunar,*

*snjallari en þú heldur*

*og sterkari en þú sýnist.*

# Efnisyfirlit

1. Leiðarljós/markmið leikskólans eru:.....	4
2. Greinagerð leikskólastjóra.....	4
3. Innra mat .....	7
3.1 Innra mat Mánadeildar.....	7
Dagskipulag veturinn 2020-2021.....	7
Lífsleikni.....	7
Heilsa .....	8
Stærðfræði .....	8
Málrækt.....	8
Jákvæður agi.....	9
Grænfáninn .....	9
3.2 Innra mat Stjörnudeildar .....	11
Dagskipulag veturinn 2020-2021.....	11
Lífsleikni.....	11
Heilsa .....	12
Stærðfræði .....	12
Málrækt.....	12
Jákvæður agi.....	14
4. Mat út frá námskrá leikskólans .....	15
Lífsleikni.....	15
Heilsa .....	17
Stærðfræði .....	19
Málrækt.....	21
Hugmyndir að úrbótum.....	23
4. Ytra mat .....	23
5. Starfsþróun og fræðsla.....	24

5.1 Skóli á grænni grein .....	24
5.2 Markmið .....	24
5.3 Heilsueflandi leikskóli .....	24
5.4 Jákvæður agi .....	24
5.5 Starfsmannasamtöl .....	25
6. Samstarf leik- grunn- og tónlistarskóla.....	25
6.1 Samstarfsskipulag 2021-2022.....	25
7. Foreldrasamstarf .....	25
7.1 Foreldrafélag .....	25
7.2 Foreldraviðtöl .....	26
8. Skipulagsdagar og starfsmannafundir .....	26

## 1. Leiðarljós/markmið leikskólans eru:

- Að börn, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.
- Að styrkja börnin til frumkvæðis og sjálfshjálpar svo að þau öðlist skýra og jákvæða sjálfsmynd.
- Að efla siðferðisvitund barna í þeim tilgangi að þau verði bæði góð og fróð.
- Að börn og starfsfólk rækti með sér hjálpssemi og sýni hvert öðru kærleik, tillitssemi og virðingu.
- Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli alhliða þroska barnsins.
- Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist á milli heimilis og skóla.

## 2. Greinagerð leikskólastjóra.

Síðustu ár hafa verið viðburðarík í leikskólanum Yl. Haustið 2019 var lögð lokahönd á stækkun leikskólans og fluttist leikskólinn allur alfarið í nýtt og endurbætt húsnæði um miðjan október. Það er vægt til orða tekið þegar ég segi að sá flutningur hafi verið bylting fyrir alla, börn, starfsfólk og foreldra. En fram að þeim tíma hafði leikskólinn haft aðsetur í nokkrum stofum grunnskólans síðan í lok árs 2016 og var því töluvert dreifður. Það reyndi eðlilega á alla og faglegt starf varð undir. Það tók stuttan tíma að koma okkur fyrir á nýjum stað og innan skamms voru hjólin farin að snúast í rétta átt, þökk sé frábæru og kraftmiklu starfsfólki. Ekki var liðin langur tími þar til Covid skall á með þeim afleiðingum að leikskólanum var lokað í nokkrar vikur. Þegar við opnuðum aftur var um hópaskiptingu að ræða þar sem helmingur barna og starfsfólks mætti annan hvorn dag í nokkrar vikur. Loks komu frekari tilslakanir en þá var komið fram á vor og náðist því illa að halda áætlun í faglegu starfi. Að því sögðu lögðum við megin áherslur á skimanir hjá börnunum s.s. TRAS og Hljóm-2 ásamt málörvun og lífsleiknikennslu sem gekk þó vonum framár.

Haustið 2020 fækkaði börnum verulega í leikskólanum eða fór úr 27 niður í 18. Ástæðan var að fremur stór hópur fór upp í grunnskóla ásamt brottflutningi fjölskyldna vegna ýmissa ástæðna og fá sem komu inn í aðlögun.

Vetrarstarfið fór vel af stað og vel gengur að vinna að innleiðingum og uppbyggingu á hinum ýmsu þáttum. Má meðal annars nefna Grænfánaverkefni, Heilsueflandi leikskóla, innra mat, einstaklingsmarkmið og fleira.

Þar sem börnum fækkaði mikið tókum við þá ákvörðun að skipta barnahópnum upp í tvennt um áramót. Bæði til þess að börnin fái frekar tækifæri til samneytis ásamt því að nýta rými og mannauð leikskólans betur. Hóparnir voru í mjög óhentugri stærð og erfitt fyrir einstaka börn að mynda nán tengsl við önnur. Með þessum breytingum höfum við frekar tækifæri til að hafa starfið fjölbreyttara og efla félagsleg samskipti barnanna.

Veturinn 2021-2022 er áætlað að verði 15 börn í leikskólanum. Á Mánadeild verða 7 börn, 3 fædd 2016 og 4 fædd 2017. Á Stjörnudeild verða 8 börn, 3 fædd 2018, 1 fætt 2019 og 4 fædd 2020.

## Matsáætlun. Gátlisti 2021-2022

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis föst verkefni. Námskrá.	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágúst-sept.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Hópstjóri	Deildarstjóri	
Ágúst-sept	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Sjá umbótaáætlun út frá innra mati	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	
Ágúst-sept	Ferilmappa barnsins	Stöðumat	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	
Sept-nóv.	Þroskamát	TRAS	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	
Okt-nóv.	Þróun í málum fjöltyngdra barna	Gefðu 10	Deildarstjórar	Deildarstjórar	
Okt-nóv	Hljóðkerfisvitund	HLJÓM-2	Hópstjóri	Hópstjóri	
Desember	Einstaklingsmarkmið	Skráning	Deildir	Deildarstjórar	
Janúar	Útikennsla	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjórar	
janúar	Heilsuefning	Stöðumat út frá heilsustefnu Yls	Teymi	Leikskólastjóri	
Janúar	Grænfáni	Stöðumat út frá áætlun	Teymi	Verkefnastjóri	
Janúar	Samstarf milli deilda	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjórar	
Janúar	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	
Febrúar	Ferilmappa barnsins	Gátlisti og gögn	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	
Febrúar	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Stöðumat	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	
Febrúar	Hljóðkerfisvitund	Áætlun út frá niðurstöðum HLJÓM-2	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	
Mars-apríl	Þroskamát	TRAS	Deildarstarfsmenn	Leikskólastjóri	
Apríl-maí	Þróun í málum fjöltyngdra barna	Gefðu 10/stöðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	

### 3. Innra mat

Hér að neðan má sjá megináherslur hverrar deildar fyrir sig fyrir liðinn vetur og hvernig tókst til ásamt mati út frá námskrá leikskólans.

#### 3.1 Innra mat Mánadeildar

Á Mánadeild eru tveir árgangar, börn fædd 2015 og 2016. Hópurinn samanstendur af 7 börnum fæddum 2015 og 3 börnum fæddum 2016. Elsti hópurinn kallast Blásteinn og fer sá hópur betur í undirbúning fyrir skólabyrjun yfir veturinn, með því að vera í skólahóp og fara í skólaheimsóknir. Starfsmenn deildarinnar hafa verið þrír að staðaldri yfir veturinn en þó í mismunandi starfshlutföllum ásamt því að sinna stuðningi barna inni á deild.

#### Dagskipulag veturinn 2020-2021

Í dagskipulagi deildarinnar er gert ráð fyrir hópastarfi, vinnu skólahóps, listasmiðju, tónlist, lífsleikni, útikennslu, frjálsum leik og íþróttatímum. Á hverjum degi er tekin samverustund, útivera og hvíld.

Mánudagur Leikskólinn opnar 8:10	Þriðjudagur Leikskólinn opnar 8:10	Miðvikudagur Leikskólinn opnar 8:10	Fimmtudagur Leikskólinn opnar 8:10	Föstudagur Leikskólinn opnar 8:10
8:30 Morgunmatur	8:30 Morgunmatur	8:30 Morgunmatur	8:30 Morgunmatur	8:30 Morgunmatur
9:10 Söngstund	9:00 Frjáls leikur	9:00 Tónlist	Frjáls leikur	Frjáls leikur
9:50 Ávextir	9:50 Ávextir	9:50 Ávextir	9:50 Ávextir/lífsleikni	9:50 Ávextir
10:00 Skólahópur Hópastarfi yngri	10:00 Íþróttir	10:00 Listasmiðja	10:00 Útikennsla/Linda	10:00 Íþróttahús/opið á milli deilda
11:15 Samvera	11:15 Samvera/lífsleikni	11:15 Samvera	11:15 Samvera	11:15 Samvera
11:30 Hádegismatur	11:30 Hádegismatur	11:30 Hádegismatur	11:30 Hádegismatur	11:30 Hádegismatur
12:00 Hvíld	12:00 Hvíld	12:00 Hvíld	12:00 Hvíld	12:00 Hvíld
12:45 Útivera	12:45 Útivera	12:45 Útivera	12:45 Útivera	12:45 Útivera
14:20 Samvera	14:20 Samvera	14:20 Samvera	14:20 Samvera	14:20 Samvera
14:30 Nónhressing	14:30 Nónhressing	14:30 Nónhressing	14:30 Nónhressing	14:30 Nónhressing
15:00 Frjáls leikur	15:00 Val	15:00 Frjáls leikur	15:00 Val	15:00 Frjáls leikur
16:30 leikskólinn lokar	16:30 leikskólinn lokar	16:30 leikskólinn lokar	16:30 leikskólinn lokar	16:30 leikskólinn lokar



#### Lífsleikni

Þennan veturinn höfum við unnið með þrjár dygðir; glaðværð, hófsemi og ábyrgð. Lífsleikni er inni í dagskipulagi á þriðjudögum og eru þá lífsleiknibækur lesnar í ávaxtastund eða lífsleikniefni tekið fyrir þar sem Malla mús kennir börnunum dygðirnar með dæmisögum og verkefnum. Námsefnið er aðlagð að þroska og aldri barnanna.

## Námsefni:

Lífsleiknikassi sem inniheldur kennsluefni sem byggist á tólf dygðum sem má skipta niður á nokkur ár. Þær eru: Ábyrgð, Áreiðanleiki, glaðværð, hjálpssemi, hófsemi, hugrekki, kurteis, samkennd, sköpunargleði, vinsemi, virðing og þolinmæði.

Heilsa

Börnin fara í íþróttahús alla þriðjudaga og annan hvern föstudag. Auk þess fara börnin í útiveru alla daga og að minnsta kosti einn dag í viku fara þau í útikennslu þar sem nágrenni skólans er kannað með kennslumarkmið í huga. Veturinn 2020-2021 hefur áhersla verið lögð á útikennslu og hefur það verið mjög skemmtileg vinna sem verður unnið áfram með, með tilkomu útikennslusvæðis.

Stærðfræði

Í vetur höfum við tekið unnið með stærðfræði í hópastarfi og í gegnum leik, þar sem unnið er með form og tölur á margvíslegan hátt. Á einum veggnum erum við með form og tölur sýnilegar fyrir börnunum í þeirra augnhæð. Eins er hugað að frjálsum leik með opnum efnivið eins og einingakubbum, segulkubbum og fleiru.



Málrækt

Í daglegu starfi höfum við sinnt málörvun á margvíslegan hátt í gegnum samtal, lestur, markvissa málörvun og daglegt starf. Undir glugganum er að finna alla íslensku bókstafina og með hverjum staf er útskýringarmynd. Á hverjum degi er lesin saga fyrir börnin í ávaxta/samverustund eða önnur málrækt tekin fyrir eins og til dæmis sögusköpun, spurningaleikir og fl. Í hverri viku er haldin sameiginleg söngstund fyrir öll börn leikskólans þar sem lög og textar eru æfðir.





### Jákvæður agi

Á Mánadeild höfum við unnið með jákvæðan aga. Börnin hafa haft aðgang að griðarstað í allan vetur og við höfum haldið barnafundi þar sem börnin ræða málefni sem liggja þeim á hjarta.



### Grænfáninn

Á árunum 2020-2022 mun Leikskólinn Ylur stíga nauðsynleg skref til þess að öðlast Grænfána Landverndar. Verkefnið litar starfsemi og kennslu innan skólans, þrátt fyrir að það sé ekki langt á veg komið. Við höfum fækkað ruslatunnum og kynnt krakkana fyrir flokkun og virkjað þau með í flokkuninni. Áhersla er lögð á útiveru og gönguferðir til að auka nálægð barnanna við náttúruna. Grænfána vinnan hefur auðgað daglegt starf leikskólans og mun halda áfram að gera það á næstu árum.



### 3.2 Innra mat Stjörnudeildar

Á Stjörnudeild eru 9 börn. Fjögur af þeim eru fædd 2017, þrjú fædd 2018, eitt 2019 og eitt 2020. Aldursdreifing hópsins er því breið og passað í daglegu starfi að börnin fá leikefni og verkefni sem hæfir þeirra aldri. Starfsmenn deildarinnar hafa verið þrír að staðaldri yfir veturinn.

#### Dagskipulag veturinn 2020-2021

Inn í dagskipulagi er gert ráð fyrir fyrir frjálsum leik, lífsleikni, íþróttum, tónlist, málörvun og svo tímum þar sem hægt að að koma fyrir kennslustundum. Á hverjum degi er tekin samverustund, hvíld og útivera.




### Dagskipulag Stjörnudeild 2020-2021



Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar	Leikskólinn opnar
08:10-08:30	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur
08:30-09:10	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
09:10-09:30	Söngstund/Leikur	Íþróttir	Tónlist / Leikur	Hópastarf	Íþróttahús
09:30-10:00					Ávextir/Samvera
10:00-10:15	Ávextir/Lífsleikni	Ávextir/Samvera	Ávextir/Samvera	Ávextir/Samvera	Opið milli deilda
10:15-11:40	Listasmiðja	Leikur	Hópastarf/Málörvun	Hópastarf/Málörvun	
11:40-12:10	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:10-12:45	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld
12:45-13:10	Leikur/Útivera	Leikur/Útivera	Leikur/Útivera	Leikur/Útivera	Leikur/Útivera
12:45-14:30					
14:30-15:00	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing
15:00-16:30	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur	Leikur
16:30	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar	Leikskólinn lokar

#### Lífsleikni

Þennan veturinn höfum við unnið með þrjár dygðir; glaðværð, hófsemi og ábyrgð. Lífsleikni er inni í dagskipulagi á mánudögum og eru þá lífsleiknibækur lesnar í ávaxtastund eða lífsleikni efni tekið fyrir þar sem Malla mús kennir börnunum dygðirnar með dæmisögum og verkefnum.

#### Námsefni:


*Lífsleiknikassi sem inniheldur kennsluefni sem byggist á tólf dygðum sem má skipta niður á nokkur ár. Þær eru: Ábyrgð, Áreiðanleiki, glaðværð, hjálpssemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd, virðing og þolinmæði.*

Heilsa


Farið er út á hverjum degi og oftast ef færi gefst, börnin fá svo tíma í íþróttahúsinu tvisvar sinnum í viku en það hefur dottið upp fyrir þær vikur sem íþróttahúsið þurfti að vera lokað vegna Covid. Hreinlæti hefur verið í hávegum haft og hefur þetta verið mikill lærdómur fyrir börnin. Unnið er eftir heilsustefnu leikskólans þar sem stuðlað er að því að efla andlega og líkamlega heilsu barnanna.

Stærðfærði

Tölur og form hafa verið gerð sýnileg með myndrænu skipulagi inni á deildinni, þá er fjöldi tengt við hvern tölustaf til að mynda tengsl milli tölu og fjölda.



Einnig voru hengdir upp litahringir á hurð inn á deildinni til að æfa þau í grunnlitunum. Í daglegu starfi spyrja starfsmenn börnin út í litina, formin og tölurnar og fylgjast með námsárangri þeirra. Eins er hugað að frjálsum leik með opnum efnivið eins og einingakubbum, segulkubbum og fleiru.



Málrækt

Starfsmenn Stjörnudeildar hafa lagt mikið upp úr því að hafa ritmál sýnilegt fyrir börnin og nýta það í daglegu starfi. Með því er passað að umhverfi barnanna sé lestrarhvetjandi. Stafrófið er sýnilegt börnunum og í þeirra augnhæð, þau hafa sýnt þessu mikinn áhuga og einnig hjálpar til að fyrir hvern starf er að finna útskýringarmynd. Einu sinni í viku er haldin sameiginleg söngstund með öllum börnum leikskólans þar sem lög og textar eru æfðir.







Jákvæður agi

Á Stjörnudeild er unnið með jákvæðan aga. Börnin hafa haft aðgang að gríðarstað og hafa notast við lausnarhjólíð. Veturinn 2020-2021 hefur samt vantað upp á vinnuna sem snýr að jákvæða aganum. Skortur á þekkingu hjá starfsfólki veldur því að ekki næst að nota jákvæða agan á heildstæðan hátt í gengum allt starf leikskólans.



#### 4. Mat út frá námskrá leikskólans

Matsteymi samanstendur af Ingibjörgu Helgu Jónsdóttur leikskólastjóra, Eydísi Elvu Eymundsdóttur deildarstjóra, Lindu Björk Árnadóttur deildarstjóra og Sylvíu Ósk Sigurðardóttur deildarstjóra.

Lífsleikni

##### Lífsleikni 1-3 ára (Stjörnudeild)

Lífsleikni	Sjálfbærni	Lýðræði og jafnrétti
Nota dygðirnar meðvitað allt árið um kring til að kenna lífsleikni.	Spjalla um náttúruna í útiveru.	Kenna börnunum að enginn er eins í gegnum umræður, verkefnavinnu og bókalestur.
Nota dygðamúsina markvisst í starfinu, a.m.k. einu sinni í viku í samverustund.	Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni.	Gefa börnum val í leik og starfi, t.d. að þau fái tækifæri til að velja sér viðfangsefni, leikefni og féлага.
Æfa dygðalöggin í söngstund.	Nota myndir til að fræða börnin um veðurfar og viðeigandi fatnað.	Gefa börnunum tækifæri á að taka eigin ákvarðanir.
Sameiginleg söngstund 2x í mánuði með dygðalögum.	Gróðursetja tré og plöntur á grenndarsvæði.	Gæta að því að öll börn fái sömu tækifæri í leikskólanum.
Kenna börnunum samskipti, s.s. að skiptast á, deila leikföngum, nota orð o.s.frv.	Sýna, útskýra og gefa börnunum tækifæri á að taka þátt í flokkun á rusli.	Gefa góðan tíma í spjall t.d. í hópastarfi. Gefa börnum tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.
Kenna börnunum að tjá tilfinningar sínar. Setja orð á tilfinningar barnanna.	Heimsækja eldri borgara.	Gefa börnum rödd, láta hugmyndir þeirra njóta sín og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif.
Gefa börnunum góðan tíma fyrir leik.		Fjölmennig: Skoða þjóðfána.
Vinna með sjálfshjálpi í fataherbergi.		

## Lífsleikni 4-6 ára (Mánadeild)

Lífsleikni	Sjálfbærni	Lýðræði og jafnrétti
Nota dygðirnar meðvitað allt árið um kring til að kenna lífsleikni.	Spjalla um náttúruna í útiveru.	Kenna börnunum að enginn er eins í gegnum umræður, verkefnavinnu og bókalestur.
Nota dygðamúsina markvisst í starfinu, a.m.k. einu sinni í viku í samverustund.	Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir náttúrunni.	Gefa börnum val í leik og starfi, t.d. að þau fái tækifæri til að velja sér viðfangsefni, leikefni og félaga.
Æfa dygðalögin í söngstund.	Nota myndir til að fræða börnin um veðurfar og viðeigandi fatnað.	Gefa börnunum tækifæri á að taka eigin ákvarðanir.
Sameiginleg söngstund 2x í mánuði með dygðalögum.	Gróðursetja tré og plöntur á grenndarsvæði.	Gæta að því að öll börn fái sömu tækifæri í leikskólanum.
Kenna börnunum samskipti, s.s. að skiptast á, deila leikföngum, nota orð o.s.frv.	Heimsækja grenndarsvæði vikulega.	Gefa góðan tíma í spjall t.d. í hópastarfi. Gefa börnum tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.
Kenna börnunum að tjá tilfinningar sínar. Setja orð á tilfinningar barnanna.	Vettvangsferðir 2x í mánuði	Gefa börnum rödd, láta hugmyndir barnanna njóta sín og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif.
Gefa börnunum góðan tíma fyrir leik.	Sýna, útskýra og gefa börnunum tækifæri á að taka þátt í flokkun á rusli.	Fjölmening: Skoða þjóðfána.
Vinna með sjálfshjálp í matartímum, s.s. að smyrja brauð, skammta sér, hella í glös o.s.frv.	Heimsækja eldri borgara.	



Heilsa

**Heilsa 1-3 ára (Stjörnudeild)**

Heilsa	Hreyfing	Næring	Vellíðan
Fræðsla um hreinlæti	Dagleg útivera	Ávextir og grænmeti í boði í leikskólanum daglega	Setja orð á tilfinningar
Fræðsla um hollt matarræði	Hreyfing í íþróttahúsi einu sinni í viku	Börnin læri að nota mataráhöld	Hvetja til jákvæðra samskipta daglega
Fræðsla um tannheilsu	Skipulagðir hreyfileikir í leikskólanum einu sinni í viku	Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat	Hlýjar móttökur í upphafi dags
Fræðsla um mikilvægi hreyfingar	Vettvangsferðir einu sinni í viku	Hafa gott aðgengi að vatni	Hrós og jákvæð endurgjöf í daglegu starfi
	Dans einu sinni í viku		Gefa hlýju og snertingu
			Hvíldarstund daglega
			Hláturæfing einu sinni í viku

## Heilsa 4-6 ára (Mánadeild)

Heilsa	Hreyfing	Næring	Vellíðan
Fræðsla um hreinlæti	Dagleg útivera	Ávextir og grænmeti í boði í leikskólanum daglega	Setja orð á tilfinningar
Fræðsla um hollt matarræði.	Hreyfing í íþróttahúsi einu sinni í viku	Börnin læri að nota mataráhöld	Hvetja til jákvæðra daglegra samskipta
Fara í verslun og skoða úrvalið. Hvað er hollt og hvað er óhollt?	Skipulagðir hreyfileikir í leikskólanum einu sinni í viku	Börnin læri að skammta sér hóflega og smyrja	Hljýjar móttökur í upphafi dags
Fræðsla um mikilvægi hreyfingar	Vettvangsferðir einu sinni í viku	Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat	Veita hrós og jákvæða endurgjöf í daglegu starfi
Fræðsla um tannheilsu, mikilvægi þess að bursta tennur	Dans kennsla einu sinni í viku	Hafa gott aðgengi að vatni	Hvíldarstund daglega
			Hláturæfingar einu sinni í viku

Stærðfræði

**Stærðfræði 1-3 ára (Sjörnudeild)**

Stærðfræði	Vísindi	Læsi	Sköpun
Raða, para saman og flokka.	Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað, skynjað og unnið með mismunandi hluti.	Gera ritmál sýnilegt og að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar.	Leggja áherslu á og gefa tíma fyrir frjálsan leik.
Kenna hugtök sem tengjast stærðum.	Hafa vísindaviku einu sinni á önn og gera þá einfaldar tilraunir. T.d. með vatn og snjó, sull ljós og skugga.	Veita börnunum greiðan aðgang að pappír og skriffærum.	Könnunarleikur einu sinni í viku.
Leggja inn og kenna tákni og mynstur. 1-2 ára læra 3 form: Hring, ferning og þríhyrning. 3 ára læra 5 form: Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta.	Þjóða upp á ólíkan efnivið í leik og starfi.	Lesi bækur þar sem áhersla er lögð á talningu, flokkun og hugtakaskilning.	Hafa greiðan aðgang að einingakubbum þar sem börnin æfast í að raða, para, flokka og átta sig á hlutföllum.
Vinna með tölustafi og talnaskilning frá 1-5.			Hafa greiðan aðgang að kaplakubbum.
Kenna talnarunu. 1-2 ára upp í 5. 3 ára upp í 10.			

## Stærðfræði 4-6 ára (Mánadeild)

Stærðfræði	Vísindi	Læsi	Sköpun
Raða, para saman og flokka.	Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað, skynjað og unnið með mismunandi hluti s.s. skrúfur og nagla.	Gera ritmál sýnilegt og að bækur séu sýnilegar og aðgengilegar.	Leggja áherslu á og gefa tíma fyrir frjálsan leik.
Kenna hugtök sem tengjast stærðum, t.d. lítill, stór, langur, stuttur, margir o.s.frv.	Hafa vísindaviku einu sinni á önn og gera þá einfaldar tilraunir. T.d. með vatn og snjó, sull ljós og skugga.	Veita börnunum greiðan aðgang að pappír og skriffærum.	Hafa greiðan aðgang að einingakubbum þar sem börnin æfast í að raða, para, flokka og átta sig á hlutföllum.
Kenna stærðfræðileg tákni og mynstur. 4 ára læra 5 form. Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta. 5 ára læra fleiri, sexhyrning og sporöskjulaga.	Bjóða upp á ólíkan efnivið í leik og starfi.	Lesi bækur þar sem áhersla er lögð á talningu, flokkun og hugtakaskilning.	Hafa greiðan aðgang að kapla kubbum.
Vinna með talnaskilning. 4 ára læra 1-10 og 5 ára læra 1-15.			Börnin æfa sig í að teikna formin og lita. Klippa svo út og skapa myndir úr formunum.
4 ára læra talnarunu upp í 20. 5 ára læra talnarunu upp í 30.			
Gera tölur og form sýnileg bæði í leik og starfi.			

## Málrækt

### Málrækt 1-3 ára (Stjörnudeild)

Læsi	Skilningur, tjáning og hlustun	Hljóðkerfisvitund	Sköpun
Lesi og syngja með börnunum daglega. Notast við fjölbreytt efni.	Lesi bækur, spyrja spurninga úr þeim, útskýra erfið orð og ræða innihaldið. Skoða bókakápurar og myndir.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.	Gefa börnunum tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði í söng og með hljóðfæraleik.
Vinna með TMT – tákni með tali. Börn og starfsfólk eiga sín tákni.	Vinna með örsögur.	Vinna með rím, byrja á bullorðum.	Dansstund einu sinni í viku þar sem þau kynnast fjölbreyttri tónlist.
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt börnunum.	Kenna litina, byrja á grunnlitunum fjórum.	Æfa hlustun með lestri og leikjum.	Vinna myndlistarverkefni tengt dygðum og stefnum leikskólans.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni af ýmsu tagi í daglegu starfi. T.d. lærur og leikum með hljóðin og Lubbi finnur málbein.	Efla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Fara sérstaklega í orðaforða sem tengist, mat, fötum, dýrum, veðri, líkamanum, tilfinningum og fjölskyldu.	Athyglis og minnisleikir.	Vinna með íslensku húsdýrin.
Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna hugtök, eiginleikahugtök t.d. stór/lítill og Staðsetningarhugtök t.d. undir/yfir	Vinna með stafina og hljóðin þeirra.	Vinna með litina.
	Óbein leiðrétting – herma eftir með réttu. Lengja setningar barnanna með því að endurtaka og bæta inn meiri upplýsingum.	Kenna vísur, þulur og sönglög.	Vinna verkefni í listasmíðju einu sinni í viku.
	Æfa spurningar og svör. Hvað heitir þú? Hvað ertu gömul/gamall?		

## Málrækt 4-6 ára (Mánadeild)

Læsi	Skilningur, tjáning og hlustun	Hljóðkerfisvitund	Sköpun
Lesi og syngja með börnunum daglega. Notast við fjölbreytt efni.	Lesi bækur, spyrja spurninga úr þeim, útskýra erfið orð og ræða innihaldið. Skoða bókakápur og myndir. Markmið að geta hlustað á lestur í 10-15 mínútur.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum. Kenna elstu börnunum muninn á orðum og stöfum, greina hljóð í orðum og setja orð saman og taka í sundur.	Gefa börnunum tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði í söng og með hljóðfæraleik.
Vinna með TMT – tákn með tali. Börn og starfsfólk eiga sín tákn.	Vinna með örsögur.	Æfa hlustun með lestri og leikjum.	Dansstund einu sinni í viku þar sem þau kynnst fjölbreyttri tónlist.
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt börnunum.	Kenna litina.	Athyglis og minnisleikir.	Vinna verkefni í listasmiðju einu sinni í viku.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni af ýmsu tagi í daglegu starfi. T.d. lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein, sól bókin, málörvandi spil o.fl.	Efla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Fara sérstaklega í orðaforða sem tengist, dýrum, veðri, líkamanum, tilfinningum og fjölskyldu. Byrja á lýsingarorðum hjá elsta hóp.	Læra vísur, þulur og sönglög.	Vinna myndlistarverkefni tengt dygðum og stefnum leikskólans.
Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna hugtök, yfirhugtök, eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök, tímahugtök, andstæð hugtök og lýsandi hugtök.	Vinna með stafina og hljóðin þeirra. Læra að skrifa fangamarkið sitt og svo nafnið sitt.	
	Kenna heiti daga og mánuða.	Vinna með rím, byrja á bullorðum og færa sig svo yfir í að ríma algeng orð.	

Hugmyndir að úrbótum

### *Lífsleikni*

Vinna þarf markvisst með dygðarmúsina tengt lífsleikninni og einnig má efla fræðslu um veðurfar og viðeigandi fatnað. Grenndarsvæði verður tekið í notkun sumarið 2021 og fá leikskólabörnin að planta trjám þar í júní/júlí. Liðurinn sem snýr að heimsóknum eldri borgara verður tekinn út úr námskrá leikskólans.

### *Heilsa*

Með tilkomu grenndarsvæðisins verður útikennsla markvissari þáttur í starfi leikskólans og þar með vettvangsferðir. Danskennsla mun ekki verða vikulegur viðburður heldur mun söngstund leikskólans taka breytingum og verða fjölbreyttari með áherslu á hljóðfæri, dans og söng. Hláturæfingar verða áfram inni í námskánni en ekki skipulagt vikulega.

### *Stærðfræði*

Verkfærakassi þar sem börnin geta rannsakað, skynjað og unnið með mismunandi hluti verður útbúinn fyrir leikskólann og samnýttur milli deilda. Liðurinn sem snýr að könnunarleikjum verður tekinn út úr námskránni.

### *Málrækt*

Áhersla verður lögð á dans og notkun hljóðfæra í vikulegri söngstund leikskólans. Vinna með örsögur verður markvissari með haustinu til að efla lesskilning. Liðurinn sem snýr að TMT verður tekinn út úr námskránni.

Unnin verður ítarlegri umbótaráætlun út frá niðurstöðum innra mats þar sem aðgerðir, tímaáætlun og ábyrgðaraðilar eru skilgreindir.

## 4. Ytra mat

Búið er að sækja um ytra mat til Menntamálastofnunar fyrir leikskólann YI í nokkur ár án árangurs. Við höldum því ótrauð áfram.

## 5. Starfspróun og fræðsla

### 5.1 Skóli á grænni grein

Búið er að vinna tveggja ára áætlun fyrir leikskólann með það að markmiði að sækja um grænfánann í lok þess tíma. Áætlunin nær yfir árin 2020-2022. Starfið hefur gengið mjög vel sem af er en í upphafi þarf að fara í gegnum ýmsa verkferla er nefnast „skrefin 7“ áður en hægt er að hefja formlegt starf með börnunum. Starfið byggir svo á þemavinnu þar sem farið er ítarlega í hvert þema fyrir sig. Þemun tryggja það að farið sé dýpra í saumana á tilteknu málefni, þau sett í samhengi og fái aukna merkingu í augum barnanna. Þegar einu þema lýkur og byrjað er að vinna í öðru er haldinn Grænfána fundur með öllum innan leikskólans, börnum og starfsfólki saman þar sem hugmyndir þeirra fá að njóta sín og þar með lýðræði innan veggja skólans. Þegar þeirri vinnu er lokið skilum við inn lokaskýrslu um starfið og umsókn í kjölfar hennar. Áætlunina með nánari lýsingu er að finna á heimasíðu leikskólans [ylur.leikskolinn.is](http://ylur.leikskolinn.is).

### 5.2 Markmið

1. Hætta notkun pappírspurrka fyrir lok árs 2021.
2. Mynda nýja innkaupastefnu fyrir lok árs 2021 þar sem áhersla verði gerð á umhverfisvænni vörur og nýtingu alls efnis til fullnustu.
3. Föt verði einungis send heim í taupokum frá og með árinu 2021 til að minnka notkun á plastpokum innan skólans.
4. Útikennsluvæði verði komið í notkun fyrir lok árs 2021

### 5.3 Heilsueflandi leikskóli

Í lok árs 2020 lögðum við lokahönd á heilsustefnu leikskólans en hana má finna á heimasíðunni okkar. Við getum með stolti sagt að við erum að vinna vel að öllu sem þar er tekið fram þó vissulega megi alltaf betrumbæta einstaka þætti. Heilsustefnan er yfirfarin og uppfærð á hverju ári.

### 5.4 Jákvæður agi

Jákvæður agi nefnist aga stefna leikskólans. Það hefur gengið fremur hægt að innleiða hana en er þó í farvegi. Mikill áhugi er fyrir námskeiði í jákvæðum aga og væri vænlegast til árangurs ef allir starfsmenn leikskólans kæmst á slíkt námskeið á sama tíma. Svo vel vill til að búið er að auglýsa námskeið sem er sérstaklega ætlað stjórnendum, kennurum og starfsfólki leikskóla og verður haldið á Akureyri nú í haust. Stefnt er að skráningu allra starfsmanna á það námskeið.



## 5.5 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru áætluð einu sinni á ári í mars-apríl.

## 6. Samstarf leik- grunn- og tónlistarskóla

### 6.1 Samstarfsskipulag 2021-2022

Undanfarin ár höfum við fengið tónlistarkennara grunnskólans inn til okkar í hverri viku þar sem börn leikskólans hafa fengið eina til tvær kennslustundir. Það er lagt mikið upp úr tónlist og takti. Vonumst til að það samstarf haldi áfram en það er ákveðið að hausti.

Samstarf er varðar heimsóknir á milli elstu barna í leikskólanum og fyrsta bekk í grunnskólanum hefur verið lítið í vetur sökum covid en næst þó með einhverju móti í kjölfar tilslakana nú í byrjun árs 2021. Um er að ræða heimsóknir hjá skólahóp inn í grunnskólann. Skipulag næsta vetrar verður unnið í haust.

## 7. Foreldrasamstarf

### 7.1 Foreldrafélag

Lög foreldrafélaga skólanna í Mývatnssveit

1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag skólanna í Mývatnssveit. Þeir eru: Reykjahlíðarskóli, Tónlistarskóli Mývatnssveitar og Leikskólinn Ylur. Heimili þess og varnarþing er í Skútustaðahreppi.

2.gr. Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda og stuðla að því að skólarnir geti á hverjum tíma fullnægt fyllstu kröfum sem til þeirra verða gerðar. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því m.a.:

Að koma á umræðufundum um skóla og uppeldismál almennt, í samráði við skólana.

Að veita skólum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma.

Að veita aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólunum.

3.gr. Innan félagsins skal vera stjórn skipuð foreldrum. Stjórnin skipar tveggja manna uppstillinganefnd sem skilar tillögu til aðalfundar um þriggja manna aðalstjórn og tvo varamenn. Í aðalstjórn skulu tveir kosnir til eins árs og einn til tveggja ára. Velja skal foreldra úr öllum skólunum og leitast við að þeir séu frá sem flestum aldurshópum nemenda. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnendur skólanna eða fulltrúar þeirra eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

4.gr. Félagsstjórn skal ekki sinna einkamálum eða hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstakra barna og/eða forráðamanna þeirra og starfsmanna skólanna.

5.gr. Aðalfund félagsins skal halda í september ár hvert og telst hann löglegur ef boðað er til hans með viku fyrirvara. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn skýrslu um störf félagsins á liðnu ári og kosin skal ný stjórn.

## 7.2 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl fara fram einu sinni að vetri í lok nóvember þar sem farið er yfir þroska og líðan barnanna í leikskólanum auk þess sem niðurstöður úr skimunum eru kynntar foreldrum. Má þar nefna TRAS, HLJÓM-2 o.fl. Þó svo eitt viðtal sé áætlað er foreldrum og kennurum ávallt velkomið að óska eftir viðtali sjái þeir þörf á.

## 8. Skipulagsdagar og starfsmannafundir

Veturinn 2021-2022 eru skipulags- og starfsdagar 5 þar sem við fengum leyfi til að geyma einn fyrir námskeið sem fyrirhugað er að allir starfsmenn fari á og starfsmannafundir 4. Sameiginlegur starfsdagur starfsfólks Skútustaðahrepps 16. september og skipulagsdagar 30. september, 1. október, og 28. febrúar. Eina dagsetningu vantar sem látið verður vita af með minnst mánaðar fyrirvara. Starfsmannafundirnir verða sem hér segir: 3. ágúst (þá opnar leikskólinn kl: 10) 15. nóvember, 10. janúar og 24. mars.